

Húnaversmálið komið til skattstjóra Norðurlandsumdæmis vestra:

Ákvörðun skattstjórans verður stefnumarkandi

– segir Snorri Olsen í fjármálaráðuneytinu

„Málið er komið til skattstjórans í Norðurlandsumdæmi vestra. Hann mun ákvarða hvort innheimtur verður söluskattur af útihátíðinni sem haldin var í Húnaveri. Sú ákvörðun, sem hann tekur, mun verða stefnumarkandi. Ef hann ákveður að innheimta söluskatt verða eldri mál skoðuð,“ sagði Snorri Olsen, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu.

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, segist telja að öllum skilyrðum til undanþágu frá söluskatti

hafi verið fullnægt á hátíðinni í Húnaveri. Hann hefur sent fjármálaráðuneytinu greinargerð um málið þar sem hann tekur fram að hann treysti sér ekki til að innheimta söluskatt.

„Ef skattstjóri úrskurðar að söluskattur skuli innheimtur þá geri ég það að sjálfsögðu sem innheimtumaður ríkissjóðs,“ sagði Jón Ísberg.

Fjármálaráðuneytinu hafa ekki borist beiðnir um undanþágu frá mótshöldurum í Vestmannaeyjum og í Galtarlækjarskógi. Ævar Þóris-

son, starfsmaður Knattspyrnufélagsins Týs í Vestmannaeyjum, sagði að þeir væru að skoða þessi mál og óvist væri hvort óskað yrði eftir undanþágu frá söluskatti vegna þjóðhátíðarinnar.

„Þjóðhátíðin er menningarhátíð sem haldin hefur verið í 107 skipti. Íþróttafélögin hér í Eyjum fá allan hagnaðinn og peningarnir fara til uppbyggingar á æskulýðsstarfi í bænum,“ sagði Ævar Þórisson.

„Mér hefur ekki borist beiðni frá templurunum. Enda hafa þeir alltaf

borgað allt sem þeim ber og ég á ekki von á neinni breytingu þar á. Hiit er annað mál að það dugir ekki að veita einni hljómsveit undanþágu en ekki öðrum. Stuðmenn voru með dansleik í Njálshúsi fyrir skömmu. Þeir voru með undanþágubréf frá ráðuneytinu. Eftir því sem ég best veit var þetta óbreyttur dansleikur. Það mál verður rannsakað,“ sagði Friðjón Guðröðarson, sýslumaður í Rangárvallasýslu.

„Við munum greiða söluskatt. Okkar dagskrá var á þá leið að skil-

yrði til undanþágu eru ekki fyrir hendi,“ sagði Karl Helgason sem var mótstjóri í Galtarlækjarskógi um verslunarmannahelgina.

Snorri Olsen sagði að dansleikir eða tónleikar Stuðmanna frá því fyrir verslunarmannahelgi yrðu skoðaðir ef úrskurður skattstjóra yrði sá að greiða ætti söluskatt af Húnavers hátíðinni.

-sme

Ógnaði konu með hníf og það um „kortið“ sitt

– árársarmaður farinn til Svíþjóðar

Tveir menn, sem voru á leið heim úr vinnu snemma aðfarandi laugardagsins, tóku þar upp í bíl til sín á Suðurlandsbrautinni, sænskan mann og íslenska konu. Fljótlega sinnaðist þarinn og dró sá sænski upp hníf og lagði að kviði hennar.

Þarió sat í aftursæti bílsins. Þegar komið var inn á Kársnesbraut í Kópavogi tók Svíinn að ókyrrast og virtist bílstjóranum hann leita á konuna. Skömmu seinna þá hann bílstjóran á ensku að nema staðar. Þegar bílstjórin stöðvaði bílinn var


sá sænski orðinn mjög æstur og það konuna í sífellu um „kortið“. „Komdu með kortið en mér er sama um peningana,“ æpti hann.

Svo fór að Svíinn brá hníf á loft og lagði að kviði konunnar. Þá tók bílstjórin til fótanna og hljóp í burtu eftir hjálp. Þegar hann kom til baka reyndi Svíinn að komast út úr bílnum en félagi bílstjórans reyndi að varna honum útgöngu þar til lögregla kæmi á vettvang. Það tókst þó ekki, Svíinn slapp í burtu. Fóru þá þau þrjú, sem eftir voru, á lögreglu-

stöðina í Kópavogi og var þar tekin af þeim skýrsla. Veski Svíans með hárra peningaupphæð fannst í afturglugga bifreiðarinnar.

Skömmu seinna bærust upplýsingar um að Svíinn væri á leið til Holiday Inn hótelsins í leigubifreið. Fór lögreglan þá á vettvang og færði Svíann í fangageymslur lögreglunnar þar sem hann sat inni fram á næsta dag. Hann mun nú vera kominn heim til Svíþjóðar.

–ÓTT



Þar sem atvinnulífið byggist fyrst og fremst á fiskveiðum og vinnslu aflans er jafnan líf og fjör við höfnina. Svo var á Húsavík einn morguninn er verið var að landa úr togbátinum Björgu Jónsdóttur PH-321 þar. DV-mynd gk

Í dag mælir Dagfari

Menningarsjokk á Kjarvalsstöðum?

Daglega og stundum tvisvar á sólarhring hefur Dagfari gert sér ferð út að óskutunnu með það rusl sem til fellur á hverju heimili. Í ruslapokanum, sem kaupmaðurinn selur í nafni Landverndar, er svona venjulegt sorp, það er að segja kartöfluhýði, tómur niðursuðudósir, leifar af fiski og kjöti ásamt vindilstubbum. Aldrei hefur það hvarflað að Dagfara að nein verðmæti geti falist í þessum úrgangi heldur hugsað hlýlega til hreinsunarmanna borgarinnar sem sjá um að tæma sorptunnur reglulega án tillits til árstíma eða tíðarfars. Í gærmorgun uppgötvaði Dagfari hins vegar sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið að kasta gífurlegum verðmætum á glæ árum saman.

Í Morgunblaðinu í gær var grein eftir Guðmund Guðmundarson um hámenningarlistsýningu á Kjarvalsstöðum. Kemur þar í ljós að ýmsir aðilar úti í hinum stóra heimi hafa safnað saman sorpi sínu og flytja nú milli landa í nafni margslunginna og sjónræna listaverka. Að vísu er Guðmundur lítt hrifinn af þessu framtaki og telur að margur maðurinn ætli að þessi sorplistaverk hámenningarinnar

séu fengin frá geðveikrahælum. Þessir sleggjúðómar Guðmundar skýra sig sjálfir þegar rýnt er í texta hans því þar kemur í ljós að greinarhöfundur hefur verið næstum því döttinn um sum listaverkin þar sem þau voru svo samlit gólfínu. Sem betur fer tókst Guðmundi þó að verjast falli enda hefði það orðið óbærilegt slys hefði hann fallið um sjálfan sig þarna á Kjarvalsstöðum. Nema slíkt óhapp hefði fittað inn í hámenninguna og verið tekið sem enn eitt listaverkið af menningarvitum þjóðarinnar.

Guðmundur tekur fram að ýmsir hljóti að verða fyrir andlegu áfalli á þessari sýningu; nefnir til dæmis skítuga kommóðu, kökukefli, múrskleið og náttborörsræfil. Bætir við að þarna sé að finna heysátu á stólræfli en heyið sé að vísu hálmur. Eftir þessar lýsingar treystir Dagfari sér ekki til að sækja umrædda listsýningu en rennir hins vegar hýru auga til stólræfla og grassins sem kemur undan sláttuvélinni.

Hér eftir verður passað upp á allan úrgang því það er aldrei að vita hvornig megi koma honum í verð í nafni hámenningarinnar. Eini ókosturinn er sá að helst þyrfti að flytja draslið úr landi og fá á það



erlendan stimpil áður en íslenska menningarmannafnan setur sinn stimpil á afurðina. En það kostar nú ekki svo mikið að flytja 10 dósir undan afurðum frá Ora úr landi að það borgi sig ekki að gera tilraun til að skáka Andy Warhol. Svo er aldrei að vita nema maður fengi inni fyrir kartöfluhýði í Listasafni Íslands ef svo illa færi að Kjarvalsstaðir væru uppteknir. Alla vega segir Guðmundur frá því að í Lista-

safninu hafi verið sturtað fimm hjólbörum af mold og dreift í ferhyrning. Fyrst hélt Dagfari að góðkunningjar lögreglunnar hefðu verið valdir að þessum skemmdarverki. En við frekari lestur kom í ljós að auk moldarinnar lá gömul ryksuga á gólfi safnsins og strauborð þar fyrir utan. Þá hlýtur hver og einn, nema náttúrulega Guðmundur, að skilja að hér er um að ræða listaverk en ekki skemmdar-

verk. Ekki þar fyrir að stundum er erfitt að greina þarna á milli og því skulu menn fara að öllu með gát þegar þeir fara að diskútera list.

Dagfari tekur stundum þátt í opnun málverkasýninga með því að dreypa á hvítvínsglasi og reyna að vera gáfulegur í framan þá hann horfir á hin og þessi skilerí uppi á vegg. En það skal viðurkennt að öllu erfiðara mun reynast að halda gáfumannasvipnum við að horfa á fimm hjólbörum af mold, svo ekki sé nú talað um ónýtar ryksugur og önnur fyrrverandi heimilistæki. Gæti verið að maður missti þá út úr sér setningu eins og til dæmis: Er þetta ekki gamla ryksugun mín sem ég henti á haugana í fyrra? Það fer ekki milli mála að slík athugasemnd nægði til að útiloka viðkomandi frá því að vera viðstaddur frumsýningu slíkra hátíðahalda um alla framtíð. Þá er nú betra að halda áfram þeim gamla sið að humma, draga andann djúpt og skála svo við finndur gamalla ryksugna á öskuhaugunum, með þeim ummælum að sjaldan hafi maðurinn komist nær upp runa sínum en með þessu listaverki.

Dagfari